

Ágætu tilheyrendur

Það er sjálfsagt gott tilefni að hefja mína 39. ræðu til ykkar með að bjóða væntanlegan matvælaráðherra Bjarna Benediktsson velkominn í okkar umhverfi. Mér telst það til að Bjarni verði 15. ráðherra sjávarútvegsins á mínum starfsaldri.

Nýliðið aðalfundarár hefur að venju verið annasamt en að mörgu leiti nokkuð frábrugðið frá því sem venja er. Þar er fyrst að nefna að þrír ráðherrar matvæla komu við sögu. LS reyndi eftir föngum að ná til þeirra með málflutning sinn.

Í upphafi voru það samþykktir aðalfundar. Fundað var með Svandísi Svavarsdóttur 27. október og farið yfir ályktanir fundarins. Áhersla lögð á

- 48 daga til strandveiða,
- heimild Fiskistofu til stöðvunar veiða yrði numin úr gildi,
- róður geti staðið í 16 klst,
- Fiskistofa sinni eftirliti um eignarhald – aðeins einn á hverja kennitölu,
- gefa nýjum aðilum tækifæri á að hefja útgerð og þeim sem ekki geta bætt við sig heimildum tækifæri á að halda áfram útgerð – svo e-ð sé nefnt.

- Þá lýsti LS yfir andstöðu við öllum hugmyndum um kvótasetningu grásleppuveiða.
- LS gagnrýndi að verið væri að raska grunnslóðinni með stórvirkum veiðarfærum í formi orkuskipta. Þar væru orkuskipti tekin fram yfir lífríki hafsins.
- LS lagði áherslu á að viðurkennt yrði að veiðar með handfærum væru afar vistvænar og því ættu þau að njóta ívilnunar.
- Þá var ráðherra hvattur til að hafna öllum hugmyndum um afnám línuívilnunar, þess í stað ætti hún að beita sér fyrir að efla þær. Hækka bæri ívilnun í 30% við landbeitningu og 20% við uppstokkun.

Það er miður fyrir þjóð vora að ekki var farið eftir þeim ágætu tillögum sem samþykktar voru. LS átti í fullu fangi með að verjast og í sumum tilvikum miðaði ekki fram á við.

Línuívilnun sem komið var á fyrir tilstuðlan LS árið 2003. Þar voru heimildir í þorski skertar þannig að hennar naut ekki við í rúma tvo mánuði. 115 tonna viðbót dugði síðasta einn og hálfan mánuð fiskveiðiársins. Nú blasir hins vegar við kaldur veruleikinn – ekki ætlaðar meira en 800 tonn – rúmlega þriðjungs skerðing.

Smábátaeigendur verða að berjast gegn öllum áformum um að línuívilnun verði skert og jafnvel aflögð. Útgerð tuga smábáta stendur og fellur með línuívilnun og alls engin rök fyrir að ógna útgerð þeirra nema ef vera skyldi meðvituð ákvörðun að auka samþjöppun með færslu veiðiheimilda til stærri útgerða. Álít að búið sé að gera nóg í þeim efnum. (2 – 4)

Fjöldi báta með línuívilnun

Grásleppan hefur verið fyrirferðamikil í starfinu á undanförunum árum.

Frá 2018 hafa ráðherrar reynt að troða henni í kvóta, en þurftu lengst af að lúta í lægra haldi fyrir rökföstum og öflugum málflutningi frá LS og andstöðu eins stjórnarflokksins.

Stjórnvöld gættu þess vel að verða ekki við neinum af tillögum LS í að breyta áratugalöngu veiðikerfi til hins betra. Sameining leyfa og dagar sem net væru í sjó teldu dagana. Segja má að „trúabrögðin“ hafi haft betur.

LS mátti ekki við margþættu valdi og síst átti það von á að ráðherra gengi gegn stefnu síns eigin flokks. Ráðherra og meirihluti atvinnuveganefndar lögðust á eitt og við sumarsólstöður hafði þeim tekist að fá samþykkt frumvarp um kvótasetningu grásleppu.

Sá ráðherra sem fól atvinnuveganefnd að flytja frumvarpið er nú orðinn formaður í flokknum sem alfarið hafnaði kvótasetningu. Nefndin tók þessum óvænta stuðningi fegins hendi, enda flokkurinn hingað til komið í veg fyrir breytta veiðistjórn sem nýr meirihluti nefndarinnar hafði þráð svo lengi, hafði hingað til fylgt sinni stefnu og sagt nei þegar kvótasetning knúði dyra. Það eru ekki heilindi að vinna gegn samþykktum síns eigin flokks. Vinnubrögð ráðherra eiga sér vart fordæmi og því ekki gert ráð fyrir þeim í áratugalöngum andspyrnuaðferðum LS.

Ég er þeirrar skoðunar að veiðikerfi sem reynst hafa vel eigi að vera í þróun til betri vegar, en ekki að setja allt í loft upp með því að leggja þau af og taka upp veiðistýringu sem sárafaír kjósa, enda leið til samþjöppunar. Afleiðingar þekktar, greiða þarf árlegar skaðabætur – 5,3% - sem hingað til hafa ekki dugað til að bæta þann skaða sem breytingarnar hafa valdið í hinum dreifðu byggðum víðs vegar um landið.

5-15

Helstu breytingar

Heildarafli smábáta á fiskveiðiárinu var 77 755 tonn nánast óbreytt frá í fyrra lækkaði um 261 tonn.

16 - 20

Vel aflaðist á nýliðnu fiskveiðiári. Heildarafli smábáta um 78 þúsund tonn. Afli krókaaflamarksbáta 60 þús. tonn, strandveiðar um 13 og aflamarksbátar 5 þúsund tonn. Tveir þriðju hlutar aflans var þorskur. Heildaraflaverðmæti þessa mikla afla nam um 30 milljörðum og útflutningsverðmætið tvöfalt hærri. Til samanburðar var verðmæti alls botnfisksafla á fyrstu 7 mánuðum þessa árs um 74 milljarðar. Smábátaeigendur geta því verið stoltir með sitt framlag fyrir land og þjóð.

Veiðigjald
- samþjöppun

21 - 23

Samþjöppun mikið hefur verið rætt um samþjöppun veiðiheimilda. Flestir sem rætt er við telja þá þróun neikvæða. Bent er á að samþjöppun sé ógn við frjálsa verðmyndun á fiski, fiskmarkaði, þjónustuaðila og aðra atvinnustarfsemi hinna dreifðu byggða.

Margar leiðir eru færar til að hægja á samþjöppun. Löndunarívílnun dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn er ein þessara leiða. Útfærslan gæti verið hlutdeildatengd þannig að þeim mun hærri hlutdeild þeim

mun minni ívilnun. Á stærri flotann væri hægt að beita þrepaskiptu veiðigjaldi sem tæki mið af aflahlutdeild. Álag á gjaldið í hlutfalli við aukna aflahlutdeild.

Krókaafلامarksbátum sem hafa aflahlutdeild hefur fækkað á undanförunum árum. Fjöldi þeirra nú innan við helmingur þess fjölda sem var áður en reglur um stærðarmörk voru rýmkuð árið 2013. Þá eru útgerðir margar komnar upp í þak aflahlutdeildar – 94% þorskígilda liggja hjá 50 útgerðum, hundrað bátar með 6% hlutdeildarinnar.

Strandveiðar

Við þá þrjá matvælaráðherra sem nú hafa kvatt embættið hefur LS viðrað lausnir til jöfnunar milli landshluta. Strandveiðikerfið er í raun þannig uppbyggt að slíkt næst ekki öðru vísi en að tryggja veiðar með jafnmörgum dögum mánuðina fjóra maí – ágúst.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir matvælaráðherra var ekkert að tvínóna við það þegar allt stefndi í stöðvun strandveiða í byrjun júlí. Hún bætti einfaldlega við – tvöþúsund tonn af þorski. LS kann henni bestu þakkir fyrir. Aukning um 20% það munaði svo sannarlega um það. Kom fjölmörgum strandveiðiútgerðum réttu megin við núllið.

Á fundi LS með Katrínu Jakobsdóttur þv. matvælaráðherra 22. febrúar þessa árs var ítrekað erindi LS og SFÍ um tilraun til þriggja ára þar sem strandveiðikerfið væri aðskilið aflamarkskerfinu. Ráðherra, þá sem forsætisráðherra, hafði verið kynnt hugmyndin 14. ágúst 2023. Hún hafi þá viljað bíða niðurstaðna úr starfi „Auðlindarinnar okkar“ áður en hún myndi tjá sig um tillöguna. Í bréfinu var t.d. sérstaklega vakin athygli á skilningi fv. forstjóra Hafró um að aflareglan væri á bilinu 20 – 22% og því nægt rými til að taka á móti tilrauninni.

Því miður sáust engar tilraunir til breytinga hjá ráðherra.

Á fundinum þann 22. febrúar var jafnframt vakin áhersla á þrýstingi um að kvótasetja grásleppu, sem LS mótmælti harðlega.

Áfram var þrýst á erindi LS á fundi með þáverandi ráðuneytisstjóra 20. mars, ásamt því að farið var ítarlega yfir umsögn LS um grásleppuframvarpið.

Enn einn matvælaráðherra kom til móts við LS þann 9. apríl. Strax var pantaður fundur með Bjarkeyju. Áður en tími fékkst var ráðherra ritað bréf þar sem farið var yfir málefnið. Í niðurlagi þess sagði:

Lokaorð

Með útgerð á áttunda hundrað strandveiðibáta er plássuð, sem voru illa leikin af framsali aflaheimilda eða vegna annarra hrakfara, veitt hlutdeild í sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Þá gefa strandveiðar þeim sem ekki hafa yfir að ráða aflamarki tækifæri til útgerðar, auk þeirra sem hafa litlar veiðiheimildir að ná lengri nýtingu á bát og búnað. Síðast en ekki síst eins og þér hafið réttilega sagt:

„Veiðarnar hafa ekki síður veigamikla táknræna þýðingu fyrir byggðirnar í landinu, því að fátt er jafn samgróð þjóðarsálinni og líf í höfnum landsins.“

Fundað var aftur með ráðherranum 8. maí.

LS þess fljótt áskynja að hún vildi fylgja framkomnum tillögum forvera síns um svæðaskiptingu aflaheimilda o.s.frv. LS lagði því hart að ráðherranum að laga frekar núverandi kerfi, heldur en að hverfa til þess sem var samkomulag um að hafna með núverandi kerfi árið 2018. Lagfæring lægi í smávægilegum breytingum á lögunum. Að tölunni 12 væri breytt í 10 og bætt væri við ákvæði til bráðabirgða við lögin sem kvæði á um að stöðvunarskylda Fiskistofu kæmi ekki til framkvæmda fyrr en á fiskveiðiárinu sem hæfist 1. september 2028. Með breytingunni væri fullt jafnræði tryggt milli landshluta. Jafnframt sem þarna væri um ákveðna tilraun til fjögurra ára sem væri þá hægt að meta árangurinn.

Frá þessum tíma hefur LS, þó ekki án undanbragða sem sést á nokkrum tillögum sem hér verða til umræðu, rekið þessa stefnu. Ég er sannfærður um að við erum á réttri leið. Samþykkt hennar veltur ekki síður á okkur og væntanlegum alþingismönnum. Þeir verða að finna algjöra samstöðu með félagsmanna. Þeir tali einni röddu og gangi í takt tillögunni til framdráttar. Með slíkri framgöngu stendur ekkert í vegi fyrir trillukörlum.

24 - 41



Hafrannsóknastofnun

Eins og vænta má meðal smábátaeigenda og annarra sjómanna er lífleg umræða í kringum Hafrannsóknastofnun. Loðna, makrill, þorskur, mat stofnunarinnar á stærð og viðgangi þessara stofna. Þorskurinn er okkur dýrmætastur, því mikið í húfi að þar sé aðgát höfð.


Nú er hins vegar svo komið að æ fleiri segja ráðgjöfina of varfærna. Illa sé komið fyrir okkur þegar ekki er einu sinni hægt að auka við heimildir til veiða með handfærum á smábátum. Ráðherrar svara þessu gjarnan á þann veg að byggja eigi á vísindalegum grunni með aflareglu, þar sem leiðarljósið séu tillögur Hafrannsóknastofnunar.

„Fiskifræðingar byggja ráðgjöf sína á mælingum og rannsóknum og því er ráðgjöfin besta leiðsögnin sem við höfum“ matvælaráðherra í Morgunblaðinu 19. ágúst 2023.


Þá spyr maður, eru mælingar réttar?

Í undirbúningi þessa erindis leit ég yfir skýrslu Hafrannsóknastofnunar sem út kom í júní sl. Til urðu nokkrar glærur.

Meðalþyngdir í afla hvers árs
og meðaltal alls tímabilsins
Frá árinu 2010 hefur
meðalþyngd í afla mælst yfir
langtírameðaltali sem nær
til 1955 – 69 ára saga.




Á sl. 8 árum að 2020
undanskildu hefur
meðalþyngd í afla aldrei
verið hærri frá árinu 1955.
Meðalþyngd yfir 4 kíló á
fjórum af sl. fimm árum.




Tímabilið er 1955 - 2023


Þorskur - hlutfall 8 ára
og eldri í afla. Sl 14 ár
hefur hlutfallið verið yfir
langtíma meðaltali.
Fór hæst í 51,3% árið
2019.
Lægst 6,9% árið 1989




Árið 2023 taldi þorskaflí
okkar aðeins 52 milljónir
fiska. Fór lægst í 46 milljónir
fiska árið 2008 en þá var
aflinn 146 þúsund tonn. Frá
árinu 1992 hefur fjöldinn
verið undir langtíma
meðaltali.




Fjöldi fiska í
stofni 3 – 14 ára
á síðasta ári var
485 milljónir.



Á árinu 2023 veiddum við
aðeins 11% af fjölda í
stofni. Árið deilir lægsta
hlutfalli með árinu 2012.
Hæst hefur veiðin farið í
28% árið 1991




Langtímameðaltal
afla 315 þús tonn.
Frá árinu 1991 sl. 33
ár hefur aflinn aldrei
náð því meðaltali.



Afli á síðasta
ári var sá
minnsti á sl.
11 árum

Samanburður á
meðaltali afls sl. 30 ár
og langtímameðaltali

Meðaltal afls sl. 30
ár er 98 þús tonnum
lægri en langtíma
meðaltal



Eftir að hafa farið í gegnum þessar tölur sem allar eru teknar út úr skýrslum Hafrannsóknastofnunar hafa vaknað nokkrar spurningar:

- Gerir aflaregla ráð fyrir að fjöldi í afla sé aðeins 11% af fjöldanum og ef svo er hver er þróun veiðistofns ef hlutfallið væri helmingi hærra?
- Er vitað hvaða áhrif það hefur á uppbyggingu þorsstofnsins m.t.t. hvernig nýliðun skilar sér inn í veiðistofn?

Kjaramál

Lokið var við gerð kjarasamnings um ákvæðisvinnu við línu og net. En Á dagskránni eru viðræður LS og sjómannasamtakanna.

Lífeyrissjóður

„Ábyrgð stjórnenda og stjórnar hlutafélaga“ var yfirskrift greinar sem ég ritaði og birtist í Morgunblaðinu 30. janúar sl. Greinin var frásögn af bréfaskriftum við stjórn Gildis þar sem óskað var eftir að leitað yrði heimildar um að gera skaðabótakröfu í nafni Íslandsbanka á hendur fv. stjórn og stjórnendum vegna tjóns er þeir ollu félaginu og hluthöfum. Sjóðurinn átti um 8% í Íslandsbanka og hafði því orðið fyrir verulegu tjóni vegna óvandaðra vinnubragða. Skemmst er frá því að segja að stjórn Gildis féllst ekki á að beita sér í málinu.

Málinu fylgdi ég eftir á ársfundi Gildis í apríl. Lagði fram tillögu ásamt greinargerð. Andmælendur mínir voru formaður stjórnar Gildis og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Sá síðarnefndi óskaði eftir að ég drægi tillöguna til baka. Því hafnaði ég og óskaði eftir að greidd yrðu atkvæði um hana. Þrátt fyrir tillagan væri samþykkt með öllum greiddum atkvæðum af eigendum sjóðsins – fulltrúum stéttarfélaga, nægði það ekki þar sem SA greiddi gegn henni og felldi tillöguna. Samþykktir sjóðsins kveða á um að meirihluti atkvæða í báðum hópum verði að samþykkja.

Með umræðunni álít ég að kviknað hafi ljós varðandi ábyrgð stjórnenda í skráðum hlutafélögum.

Að lokum vil ég þakka stjórn og formanni fyrir einstaklega gott samstarf á árinu.

Ræðu minni lýk ég eins og undanförunum tíu fundum að vitna til aðila úr stjórnsýslunni sem sendi mér tölvupóst á 30 ára afmæli LS árið 2015:

*Það er afdráttarlaus skoðun mín að LS hafi með
starfi sínu valdið straumhvörfum,
félagsmönnum sínum og íslenskum
sjávarútvegi, til mikilla heilla.“*

Takk fyrir gott hljóð og afbragsgóða hlustun.